



SELTJARNARNESBÆR
Byggingarfulltrúi

Mótt. dags.

Beiðni um skráningu á hönnunarstjóra

Eigandi / lóðarhafi fyllir út

Ég undirritaður lóðarhafi / eigandi húseignar (heimilisfang) _____

óska hér með eftir að (nafn og kt.) _____

taki að sér stjórn hönnunar skv. ákv. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sem hönnunarstjóri, vegna byggingarleyfisumsóknar númer _____ á Seltjarnarnesi.

ÁBYRGÐ EIGANDA MANNVIRKIS

Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum mannvirkjalaga og byggingarreglugerðar. Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga um mannvirki og byggingarreglugerð.

Hönnunarstjóri annast innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis. Hönnunarstjóri skal gera eiganda grein fyrir framkvæmd innra eftirlits samkvæmt því sem kveðið er á um í byggingarreglugerð og mannvirkjalögum.

Eigandi ber ábyrgð á að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkis í samræmi við ákvæði laga.

Sjá nánar 15. gr. í mannvirkjalögum 160/2010 og kafla 2.7. í byggingarreglugerð 112/2012

ÁBYRGÐ HÖNNUNARSTJÓRA

Eigandi mannvirkis skal við umsókn um byggingarleyfi tilnefna hönnunarstjóra sem skal hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á því að samræming hönnunargagna fari fram.

Hönnunarstjóri skal vera löggiltur hönnuður. Hönnunarstjóri skal árita sérupprætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en leyfisveitandi samþykkir þá.

Hönnunarstjóri skal einnig áður en byggingarleyfið er gefið út leggja fram yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða og árita það til staðfestingar á því að um tæmandi yfirlit sé að ræða. Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur upprætti fyrir byggingarnefnd, byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnun skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Skaðabótaábyrgð hönnuða fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

Sjá nánar 23. gr. í mannvirkjalögum 160/2010 og kafla 4.1. í byggingarreglugerð 112/2012

Staður og dagsetning

Undirskrift og kennitala eiganda

Símanúmer og netfang eiganda